

Stjórnarfundur FBÍ, 4.fundur

Viðstaddir; Bjarni Þorgilsson, Sigurður, Guðný, Stefán Halldórsson, Ómar Kristjánsson, Kristín og Gunnar Örn

-Lesnar voru upp síðust fundargerðir af Bjarna, þar að segja fundargerð 1,2 og 3 fundi, Ómar bendir á að í fundargerð 2 að „það skuli ekki líðast að þar séu tóm stæði“, orða þetta skal þannig að á þessu skal finna lausn á þessu máli. Að öðru leiti er fundargerðir samþykktar.

-Bjarni kynnir tilboð í endurnýjun á heimasíðu, heildarverð 380.000kr frá Björgvini Rúnari Valentínusarssyni. Inn í þessari upphæð er smíði á nýrri síðu og félagatali. Þetta yrði unnið í samstarfi við féлага okkar Harald Örn Arnarson. Umræður um rekstur á síðu, hvernig það kemur til að verða, verður það í höndum sjálfboðaliða eða komum við til með að kosta okkur eitthvað. Bjarni ætlar að hafa samband við Harald og kanna málið hvort þeir geta verið með kynningu.

-Breytingartillaga frá síðasta fundi, Guðný biður að losna frá því að skrá mætingarpunta, Kristín hefur boðist til að taka það að sér.

-Bjarni kynnir fundi að hann hafi handvirkt flett upp öllum félagsmönnum á ja.is og leiðrétt félagatal, um 20% villur voru í símanúmerum. Allir fundarmenn eru sammála því að halda SMS sendingum áfram.

-Bjarni kynnti fyrir fundarmönnum að hann hafi haft samband við safnið á Skógum og Ystafell og þeir hafa ekki áhuga fyrir því að taka kranabíl klúbbsins í fóstur, þeir hafa ekki húspláss fyrir hann. Bjarni leggur til og stjórn er því sammála að ekki nota kranabílinn í akstur.

GÖH tekur að sér að tala við stjórnendur í samgöngusafnið í Stóragerði og sjá hvort þeir viðja taka hann í fóstur.

-Bjarni lýsir áhyggjum sínum að því að lyklamál séu í hálfgerðum ólestri, Bjarni stingur upp á því að kaupa og setja upp lyklaskáp sem er með númeralás sem allir stjórnarmenn komast í. Stjórn er því samþykkt því að laga til í lyklamálum og setja upp skápa.

-Einn félagsmaður óskar eftir því að fá að kaupa meira af varahlutum af klúbb. Stjórn er því samþykkt að hann kaupi eins mikið og hann vill.

-Það var búið að semja við Steina smíð um að setja upp vegg til að loka porti, gerð er tillaga um að afturkalla þessa aðgerð og nota aurinn frekar í að laga rennur á húsi og jafnvel að mála framhlið á húsi. Stjórn er þessu samþykkt.

-Á Esjumel er heill haugur að timbri sem engin vill nota. Stjórn samþykkir að við gefum timbur vinum klúbbsins, helst byrja á þeim sem hafa gert eitthvað fyrir klúbbinn.

-Guðný tekur að sér að kanna með þægilegri vél sem býr til kaffi, einn og einn bolla fyrir félagsheimili.

-Umræður um að taka til að fjarlægja nokkra gáma af lóð okkar við Esjumel, taka 3x20ft.gámar, 1x10ft. Og einn 40ft. Stjórn er því samþykkt að taka til í þessu og fækka gámum.

-Umræður um tryggingar fornbíla, það er farið að sýna sig að tryggingarfélög séu að hækka tryggingar verulega. Bjarni stingur um á Gísli Friðjónsson tæki að sér fyrir hönd klúbbsins

að kanna með verð á tryggingum og hvort við getum veitt einhverja aðstoð í þessum málum. Stjórn er þessu samþykkt.

-Bjarni kynnti fyrir stjórn að Þorlákshöfn vilji fá okkur í heimsókn 10.ágúst, Grímur Víkingur er okkar tengiliður þar. Sem og Hveragerði á blómstrandi daga 17.ágúst, þar er okkar tengiliður Símon Arnar Pálsson. Jafnframt er erlendur aðilli sem hefur áhuga á að hitta félagsmenn og fara mögulega rúnt með okkur.

-Í deiglunni er að heimsækja safnið á Skógum 15.september, þá er þeirra 75 ára afmæli. Þeir hafa mikinn áhuga á að við komum í heimsókn.

-Að lokum var kynnt uppgjör landsmóts. Umræður um næsta landsmót. Skiptar skoðanir eru á því hvort gjald fyrir tjaldsvæði væri of dýrt eða ekki, en rukkað var 12.000kr fyrir helgina með aðgangi að rafmangi. Hljómsveitin var heldur stór og mikil fyrir ekki meiri mannskap en kom, allir eru sammála að hún mætti vera öllu nettari næst. Umræður meðal stjórnar um hvort skynsamlegt væri að stefna á að halda þessu aftur á næsta ári, þar að segja í Vatnaskógi eða fara annað. Stefán vekur máls á því að halda þetta á Hellu, sama stað og flugdagar voru haldnir um miðjan júlí, umræður um það.

-Stefán hefur formlega tekið að sér formlega formennsku í bílageymslunefnd. Stefán afhendir debet kort sem Garðar hefur haft undir höndum.

-Við verðum með síðasta gjafadag á Esjumelum 1.ágúst og þá ætlum við að grilla pylsur.

Fundi slitið kl.21:38

Fundarritari

Gunnar Örn Hjartarson